

Viðauki 5

Gróður og fuglar á Skerðingsstöðum og Lárvaðli í Eyrarsveit

Gróður og fuglar á Skerðingsstöðum og Lárvaðli í Eyrarsveit

Unnið fyrir Zeppelin arkitekta



Október 2021
Jóhann Óli Hilmarsson
Björn Hjaltason
Alex Máni Guðríðarson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	2
Athugunarsvæði	3
Aðferðir	3
Niðurstöður	4
Fuglar	4
Fuglar á Skerðingsstöðum	4
Fuglar á Lárvaðli	5
Gróður – Vistgerðir	6
Plöntutal	7
Fiskar	7
Umræða	8
Fuglar	8
Gróður	9
Lokaorð	9
Heimildir	10
Viðauki	10

Ljósmynd á forsíðu: Þúfutittlingur, hann er algengasti varpfuglinn í landi Skerðingsstaða. Ljósm. JÓH.

Inngangur

Að beiðni Orra Árnasonar hjá Zeppelin, arkitektum, staðfestu með tölvupósti 10. maí 2021, tókum við að okkur að kanna gróður og fuglalíf á landi Skerðingsstaða í Eyrarsveit. Í bígerð er að reisa hótel á landinu og jafnframt að breyta deiliskipulagi. Það kallaði á þessa athugun.

Skerðingsstaðir standa á tanga sem gengur útí Lárvaðal. Þar sem Lárvaðall er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar og kunnur fyrir fuglalíf, m.a. vegna kafandarhóps, sem þar heldur til, þótti rétt að gera athuganir á fuglalífi á vaðlinum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er gerð grein fyrir gróðurfari og varpfuglum á landi Skerðingsstaða, jafnframt því sem fuglalíf á Lárvaðli eru gerð skil og lítillega minnst á fiska.

Verkefnið fólst í að:

- -kanna fyrirliggjandi gögn,
- -rannsaka fuglalíf á vettvangi,
- -rannsaka gróðurfar á vettvangi, kanna tegundasamsetningu,
- -fjalla um hugsanleg áhrif framkvæmdanna á fuglalíf og gróður; jafnframt á vistkerfi og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd,
- -semja skýrslu um niðurstöðurnar.

Verkefnið var unnið með hliðsjón af þeiri framkvæmd, sem um ræðir og þeim kröfum sem Skipulagsstofnun gerir til slíkra verka. Ólafur Einarsson las yfir uppkast að skýrslunni og kom með þarfar athugasemdir.



1. mynd. Vesturhluti Lárváðals, Skerðingsstaðir neðarlega til vinstri, stíflaður Lárósinn efst til hægri. Víkurnar með ströndinni að sunnan (t.v.) eru vinsælar hjá öndum. Ljósm. JÓH 4. júní 2021.

Athugunarsvæði

Skerðingsstaðir standa á tanga, sem gengur úti Lárváðalinn sunnanverðan, austarlega. Svæðið sem við könnuðum er allt neðan þjóðvegar og er það sýnt á 2 og 3. mynd. Stærð þess erum 5,3 ha.

Lárváðall er um 2 km² lón, sem gengur inn úr Látravík í Eyrarsveit vestan við fjallið Stöð (1. mynd). Mesta dýpi þess er 11 m. Lárváðall, eins og nafnið bendir til, var eitt sinn grunnur vogur með mikilli leiru á fjöru. Mun honum hafa svipað til Hálsvaðals, skammt austur af. Í tengslum við hafbeit á, var ós vaðalsins stíflaður 1965 og sjóeldi (hafbeit) stundað af Lárósi hf. um skeið. Síðan þá hefur vaðallinn verið lón eða stöðuvatn, flóðs og fjöru gætir þar ekki lengur. Mikil breyting hefur orðið á fuglalífinu við þessa framkvæmd. Leirurnar breyst í lón. Samanburður við Hálsvaðal sýnir þennan mun.

Aðferðir

Svæðið var heimsótt tvisvar til að kanna þéttleika og tegundasamsetningu varpfugla og þá sérstaklega mófugla, 4. júní og 3. júlí. Allir fuglar sem sýndu varpatferli voru kortlagðir. Lárváðall var talinn 6 sinnum, frá 5. maí til 5. október. Auk þess var stuðst við talningu okkar frá 29. ágúst 2018 og þrjár talningar af skráningarvefnum eBird (1. viðauki). Talið var frá þjóðvegi meðfram öllum vaðlinum, frá Látravík að Langholti, fuglar á vatni og bökkum, eftir því sem

kostur var. Notuð var fjarsjá við talningarnar nema 24. júlí, eingöngu handsjónauki.



2. mynd. Athugunarsvæðið á Skerðingsstöðum. Gróður er best kominn af stað á gömlum bæjarstæðum. Brúna skellan norðan við hliðið, um miðbik myndar, er hálfdeigja með ríkjandi þráðsefi. Vegöxlín er vel afmörkuð og nær að girðingunni kringum landið. Ljósm. JÓH 4. júní 2021.


Gróður var skoðaður í þremur heimsóknum, 4. júní, 3. júlí og 2. september. Gengið var um svæðið og plöntur skráðar. Einnig var stuðst við loftmyndir sem voru teknar 4. júní og 3. júlí (2. og 3. mynd).

Niðurstöður

Fuglar

Fuglar á Skerðingsstöðum

Í kortlagningu á varpfuglum fundust 6 tegundir mófugla, sjá 1. töflu og 3 mynd. Alls fundust 19 pör í varpi, sem er talsvert fyrir svo lítið svæði. Þar af var þúfutittlingur um það bil helmingur allra varpfugla (9 pör), 4 hrossagaukar með varpatferli fundust, tveir tjaldar og 2 stelkar og loks sitthvor spóinn og maríuerlan. Sé reiknaður þéttleiki, pör á ferklómétra skoðaður, er hann hár, sérstaklega þéttleiki þúfutittlings (1. tafla).



3. mynd. Varpfuglar á Skerðingsstöðum 2021. Hver punktur táknar ódal. Byggt á tveimur heimsóknum, 4. júní og 3. júlí 2021. Ljósm. JÓH 3. júlí 2021.


1. tafla. Tegundir og varpbéttleiki mófugla í landi Skerðingsstaða, sjá 3. mynd.

Tegund	Pör	Pör/km ²
Tjaldur	2	38
Hrossagaukur	4	76
Spói	1	19
Stelkur	2	38
Þúfutittlingur	9	171
Maríuerla	1	19
Samtals	19	361

Fuglar á Lárvaðli

Alls fundust 33 fuglategundir í 10 talningum á Lárvaðli og nánasta umhverfi (1. viðauki, 4. mynd). Fuglar voru í hámarki í byrjun júní, síðan var fjöldinn nokkuð svipaður um sumarið. Þeim fjölgaði aðeins í september, en fór svo að fækka aftur í október. Upplýsingar vantar um stöðuna á veturna, en það mun vera fremur fáskruðugt (Náttúrufræðistofnun 2021). Mest var af kríu, hún verpur í tveimur litlum vörpum við norðanverðan Vaðalinn, á Víkurrifi og við Mýrarhús/Lá, um 50 pör á hvorum stað. Nokkrar tegundir andfugla voru algengir á Lárvaðli. Litlir álfatahópar sáust bæði vor og síðsumars. Stakt par varp og geldpar var á svæðinu, en ungar komust ekki á legg hjá parinu sem reyndi varp. Algengustu endurnar voru stokkond, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd og toppönd (1. viðauki). Þetta eru allt algengir varpfuglar við Lárvaðalinn nema rauðhöfðinn og komust samtals nokkrir tugir unga á legg sumarið 2021. Endurnar halda sig aðallega í víkum við sunnanverðan vaðalinn, næri Þjóðveginum. Æðarungar sáust 2017,

en við urðum ekki varir við þá 2021. Himbrimapar varp við austanverðan vaðalinn og kom upp unga. Sex fullorðnir himbrimar sáust á vaðlinum um miðjan júlí 2017. Fyrir utan þá fjórar vaðfuglategundir, sem verpa á Skerðingsstöðum, fundum við nokkrar til viðbótar: sandlóu (staðfest varp), heiðlóu, jaðrakan og óðinshana. Hópur af þeim síðastnefndu, 56 fuglar, sást 4. júní 2021 (1. viðauki).



4. mynd. Samtölur úr talningum á Lárváðli, sjá 1. viðauka.

Algengasti máfurinn var hettumáfur, tvisvar sást hópur sem var í ætisleit í túni á Skerðingsstöðum og í smádýrum á Vaðlinum. Hvítmáfur sást reglulega, enda er stærsta hvítmáfsvarp landsins skammt undan (í Mýrarhyrnu). Svartbakur var og tíður. Það sáust þó aðeins litlir hópar af þessum fuglum. Fáeinir bjartmáfar, sílamáfar, silfurmáfur og ritur sáust, sem og stakur kjói. Loks má bæta við fjórum tegundum spörfugla. Fyrir utan þúfutíttling og maríuerlu, sem verpa á Skerðingsstöðum, sáust skógarþrestir og hrafnar.

Gróður – Vistgerðir

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunnar (2018, Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) sýnir eftirfarandi vistgerðir á Skerðingsstöðum: starungsmýravist, gulstararflóavist, lyngmóavist á láglendi, fjalldrapamóavist og bugðupuntnsvist. Þetta stenst ekki. Um miðbik svæðisins eru gamlar tóftir vaxnar snarrót og öðrum túngrösum. Svæðið allt er meira og minna tún, sem er slegið. Það er víða nokkuð blautt og finnast starir, en við efumst um að hægt sé að tala um aðrar vistir en tún og akurlendi (L14.2). Það er engin nýlunda að vistgerðarkortið standist ekki rauveruleikann (sjá t.d. Björn Hjaltason o.fl. 2021). Norðan þjóðvegar er vegöxl, sem nær að girðingu og verða þar skil á gróðri. Þetta sést vel á 2. mynd. Á sömu mynd sést vel mýri eða hálfdeigja um miðbik svæðis, þar sem þráðsef er ríkjandi. Nokkur hross voru á beit á svæðinu yfir sumarið.

Plöntatal

Við fundum alls 67 háplöntur á athugunarsvæðinu á Skerðingsstöðum og eru þær taldar upp í 2. töflu. Engin sjaldgæf tegund eða tegund á válista fannst (Náttúrufræðistofnun 2018 c).

2. tafla. Plöntulisti Skerðingsstaða samkvæmt okkar athugun.

Akurarfi	Hlíðamaríustakkur	Rauðvingull
Axhæra	Hófsóley	Síkjamarí
Beitieski	Hrafnaklukka	Skarifífill
Belgjastör	Hrossanál	Skriðlíngresi
Blávingull	Hvítmaðra	Smjörgras
Blóðberg	Hvítsmári	Snarrótarpuntur
Brennisóley	Ilmreyr	Stinnastör
Brönugrös	Íslandsfífill	Stjörnusteínbrjótur
Bugðupuntur	Kattartunga	Tágamura
Engjarós	Klóelfting	Túnffífill
Fjallafoxgras	Klóffifa	Túnsúra
Fjöruarfí	Kornsúra	Túnvingull
Flagasóley	Krossfífill	Undafíflar
Geldingahnappur	Laugasef	Vallarsveifgras
Gleym-mér-ei	Lindasef	Vallelfiting
Grasvíðir	Ljónslappi	Vallhumall
Grávorblóm	Lokasjóður	Vallhæra
Gullmura	Lækjadepla	Varpasveifgras
Gulmaðra	Lækjagrýta	Vegarfi
Gulstör	Mosasteínbrjótur	Þráðsef
Haugarfi	Mýrastör	Þúfusteinbrjótur
Háliðagras	Njóli	
Hjartarfi	Ólafssúra	

Fiskar

Við rákumst á menn sem voru að leggja net á vaðlinum. Þeir sögðu að þar veiddist aðallega bleikja, en einnig lax (gæti verið arfleifð frá hafbeitinni) og flundra.



5. mynd. Skófum prýddur steypuklumpur við Skerðingsstaði, Kirkjufell og Lárkot fjær. Ljósm. JÓH 3. júlí 2021.

Umræða

Fuglar

Varpfuglar á Skerðingsstöðum eru allir algengir á landsvísu. Þéttleiki þeirra hlýtur að teljast hár, en svæðið er svo lítið, að samanburður við önnur svæði er hæppinn. Þéttleikatölur sem gefnar eru upp í ritinu um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi eru allar lægri (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016).

Fuglalíf á Hálsvaðli, skammt austan við Lárváðalinn, er svipað og fugllífið var þar, áður en útfallið var stíflað. Þar eru leirur og mikil umferð fugla, svo sem vaðfugla, margæsa og æðarfugla. Ef Lárváðallinn yrði endurheimtur, ósinn opnaður og sjór flæddi óhindrað inn og út, myndi fuglalífíð væntanlega verða svipað og á Hálsvaðli.

Skoðum nú hvort einhverjir fuglar á Skerðingsstöðum og Lárváðli séu á válista. Af varpfuglum á Skerðingsstöðum er tjaldur á válista sem tegund í nokkurri hættu (VU) og stelkur sem tegund í yfirvofandi hættu (NT). Ekki fundust nema tvö pör af hvorri tegund og bæði tjaldar og stelkar eru vanir nábýli við menn. Svo áhrifin verða óveruleg.

Á Lárváðli er einn algengasti fuglinn duggönd, hún er bæði varpfugl og síðan fella nokkrar duggendur flugfjaðrir. Duggönd er á válista sem tegund í hættu (EN). Hvítmáfur, svartbakur, fýll og kjói eru aðrir í sama válistaflokki og finnast á athugunarsvæðinu. Himbrimi er bæði varpfugl og síðsumarsgestur á Lárváðli. Hann er á válista sem tegund í nokkurri hættu (VU) ásamt tjaldi, kríu, ritu og æðarfugli (Náttúrufræðistofnun 2018 b).

Gróður

Engar sjaldgæfar plöntur né plöntur á válista fundust (Náttúrufræðistofnun 2018 c). Sömuleiðis voru engar vistgerðir með hátt verndargildi skilgreindar, þvert á vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar (2018a). Þar eru starungsmýravist og gulstararflóavist (L8.9. og 8.14.) með mjög hátt verndargildi skilgreindar á Skerðingsstöðum en þær vistgerðir fundust ekki. Svæðið er nýtt til beitar og slegið.

Lokaorð

Hótelbygging á Skerðingsstöðum mun væntanlega eingöngu hafa staðbundin áhrif og óveruleg áhrif á fugla og gróður utan byggingarsvæðis (3. tafla), svo fremi sem fráveitumál verða í lagi og starfsemi eins og skipulag gerir ráð fyrir (Zeppelin, arkitektar 2018). Á skipulagsuppdrætti er sýnd bryggja útí vaðalinn og gæti það bent til hugmynda um siglingar. Eitthvað eru þær stundaðar útfrá sumarbústöðum við norðanvert vatnið. Fuglar styggjast báta og ætti að hlífa bökkum við sunnanverðan vaðalinn, þar sem endur halda sig helst, fyrir siglingum. Hótel það sem fyrirhugað er að byggja á Skerðingsstöðum er hannað með náttúruna og umhverfið í huga. Það er því upplagt að fræða væntanlega hótelgesti um fuglalíf á Lárvaðli og nágrenni og getur skýrsla þessi nýst sem grunnur að slíkri fræðslu.

3. tafla. Mat á áhrifum hótelbyggingar að Skerðingsstöðum á fugla og gróður.

	Fuglar	Gróður
Verulega jákvæð áhrif		
Talsvert jákvæð áhrif		
Óveruleg áhrif	X	X
Talsvert neikvæð árhif		
Verulega neikvæð áhrif		
Óvissa um áhrif		
Engin áhrif		

Heimildir

Arnór Þrastarson, Róbert Arnar Stefánsson & Jón Einar Jónsson 2012.

Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölu. Náttúrustofa Vesturlands, skýrsla, 78 bls.

Björn Hjaltason, Jóhann Óli Hilmarsson, Rúnar D. Bjarnason & Steinþór Traustason 2021. *Vegetation and habitat studies on Laxárdalsheiði 2019-2020*. A memorandum for Environmental Resources Management, 28 pp

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016.

Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 bls. Hægt að skoða á: https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A.

Guðmundsson & Svenja N.V. Auhage 2016. *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*.

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55, 295 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Vistgerðarkort*. Hægt að skoða á:

<http://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Válisti fugla*. Sótt af vef:

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar>

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018c. *Válisti plantna*. Sótt af vef:

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>

Náttúrufræðistofnun Íslands 2021. Vetrarfuglatalningar, niðurstöður:

<http://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar>

Zeppelin, arkitektar 2018. Deiliskipulagstillaga Skerðingsstaða.

Viðauki

Talningarár á Lárvaðli.

			26.6.2011	28.9.2015	15.7.2017	29.8.2018	5.5.2021	4.6.2021	3.7.2021	24.7.2021	2.9.2021	5.10.2021
			YK	MC	PK	BH JÓH	Tringa DB	Tringa	Tringa	Tringa	Tringa	Tringa
Tegund	Kyn og aldur	18:10	9:00	8:00	12:10	17:40	15:50	13:50	15:35	15:45	17:00	
1	Álf	Fullo.		5		21	11	14	4	2	2	2
2	Rauðhöfði	Steggur						1				
	Rauðhöfði	Ókyngr.		5								60
3	Stokkond	Steggur						7	5	1		
	Stokkond	Kolla				1		4	1		3	
	Stokkond	Ungar				1					12	
	Stokkond	Ókyngr.		8		2						10
4	Skúfond	Steggur						20		12	14	
	Skúfond	Kolla						13		8	16	

				26.6.2011	28.9.2015	15.7.2017	29.8.2018	5.5.2021	4.6.2021	3.7.2021	24.7.2021	2.9.2021	5.10.2021
	Skúfönd	Ókyn./ungar	20		18	29					8	34	55
5	Duggönd	Steggur						11					
	Duggönd	Kolla			2			9		10	14		
	Duggönd	Ókyn./ungar	25	10		18				2	27	5	
6	Æður	Bliki						7					
	Æður	Kolla						3	2				
	Æður	Ókyngri.		50	20								
7	Straumönd	Ókyngri.			7								
8	Toppönd	Steggur						25	3				
	Toppönd	Kolla						7	7	3	1		
	Toppönd	Ókyn./ungar	2	125	3		8			15	17	15	
9	Himbrimi		1	1	6	2	2	2	1	3	2		
10	Lómur								1				
11	Fýll				20	3		2			5		
12	Dílaskarfur			3		6				1	6		
13	Tjaldur				3	2	2	5	1	2			
14	Sandlöa			1	1			2	2	5			
15	Heiðlöa			25				3					
16	Hrossagaukur				10		4	5	5				
17	Spói				3								
18	Jaðrakan							3					
19	Stelkur				8		3	8	10	4			
20	Óðinshani							56	6				
21	Kjói								1				
22	Rita							2	1				
23	Hettumáfur			15	2	2	13	81	5		87		
24	Silfurmáfur								1				
25	Sílamáfur					3		6			3		
26	Bjartmáfur			1									
27	Hvítmáfur				35	5		4	11	2	12		4
28	Svartbakur				10	1	1	3	4	3	2	2	12
29	Kría		x		100				99	142	100		
30	Þúfutítl.					2		4	2	2	2		
31	Maríuerla				10								
32	Skógarþröstur					2			1				
33	Hrafn				15		3		2			11	2
	Samtals		1)	308	224	71	56	416	204	192	256	165	

1) Aðeins endur taldar.

Heimildarmenn aðrir en höfundar:

DB Daníel Bergmann MC Mark Colwell PK Peter Kaestner YK Yann Kolbeinsson